

LÖG

um breytingu á lögum nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa,
varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist nýr töluliður, 7. tölul., svohljóðandi: *Frístundafiskiskip* er hvert það skip, skrásett sem frístundafiskiskip samkvæmt lögum um skráningu skipa, sem í atvinnuskyni er leigt út til frístundaveiða.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 2. mgr. kemur: mennta- og menningarmálaráðherra.
- b. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 3. mgr. kemur: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

3. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 1. mgr. 5. gr., 1. mgr. 6. gr., 1. mgr. 7. gr., d-lið 4. mgr. 8. gr., 1. málsl. 1. mgr. 13. gr., 1. málsl. 1. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, og í stað sama orðs í 5. mgr. 5. gr., 3. mgr. 6. gr., 2. og 3. mgr. 7. gr., 3. málsl. 1. mgr. 13. gr. og 3. málsl. 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: ráðherra.

4. gr.

Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

5. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein, 7. gr. a, svohljóðandi:

Frístundafiskiskip.

Sá sem er lögmætur handhafi skemmtibátaskírteinis til strand- eða úthafssiglinga eða handhafi annars sambærilegs erlends skírteinis að mati Siglingastofnunar Íslands hefur rétt til að annast stjórna frístundafiskiskips, enda hafi hann jafnframt fengið fullnægjandi kennslu

á skipið, m.a. á björgunarbúnað þess, fjarskiptatæki, siglingakort og helstu undirstöðuatriði siglingafræði og siglingareglna.

Sá sem gerir út frístundafiskiskip ber fulla ábyrgð á að stjórnendur frístundafiskiskipa hafi fullnægjandi réttindi á frístundafiskiskip og hafi auk þess fengið fullnægjandi kennslu á skipin áður en lagt er úr höfn og séu hæfir til þess að annast stjórn skipanna á öruggan hátt, með tilliti til öryggis mannslíf, eigna og umhverfis. Skal hann jafnframta vera í stöðugu fjarskiptasambandi við stjórnendur skipanna eftir að þeim er lagt úr höfn.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra setur nánari reglur um frístundafiskiskip í reglugerð, m.a. um kennslu á skipin og þær kröfur sem gerðar eru til slíkrar kennslu og þeirra er sjá um að veita hana. Jafnframta skal ráðherra setja nánari reglur um stærð frístundafiskiskipa, afl og farsvið og um öryggiskröfur sem gerðar eru til frístundafiskiskipa, stjórnenda skipanna og þeirra er gera skipin út og fjarskiptasamband á milli þeirra og stjórnenda skipanna.

6. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðuneytisins“ í 17. gr. laganna kemur: samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

7. gr.

Við 1. mgr. 18. gr. laganna bætist nýr málslaður, svohljóðandi: Jafnframta skal greiða gjald vegna kostnaðar sem til fellur vegna próftöku samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 29. desember 2009.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Kristján L. Möller.

A-deild – Útgáfud.: 31. desember 2009